20. Eyjólfur Magnússon (Ljóstollur)

a) 5 blöð qto. Reykjavík, 2.mars 1937

b) 4 blöð qto. Ætt Eyjólfs Magnússonar, kennara.

# Eyjólfur Magnússon (Ljóstollur).

Eyjólfur var velgefinn maður og gáfaður; hann var barnakennari víðsvegar í Suðvesturlandi og lét honum það vel, því hann var með afbrigðum barngóður. Séra Árni prófastur Þórarinsson hefir sagt mér að Eyjólfur hafi verið hreinasti snillingur í upplestri, svo, að hann hefði aldrei heyrt annan eins: Málrómurinn snjall og tilgerðarlaus, áherzlur hans nákvæmar og á réttum áherzlu-orðum og viðkvæmnin sömuleiðis.

Eyjólfur var allvínkær, en jafnan svo fátækur að hann gat sjaldan aflað sér víns, nema með því að leita til annara um það eða jafnvel beita ýmsum brellum, er oftast voru ~~þær~~ meinlitlar en aftur á móti allspaugilegar.

Þegar Eyjólfur var kendur, bar talsvert á mikilmenskuæði (Storhedsvanvid) með einkennilegum hætti og bygðist það jafnan á því, að hann hafði einhverntíma verið sýsluskrifari, en þó einkum á því, að faðir hans hafði verið settur sýslumaður um skeið, í forföllum sýslumanns nokkurs. Fanst Eyjólfi því oft eiga vel við að hann kæmi fram í nafni einhvers valdsmanns, t.d. sýslumanns, amtmanns, eða jafnvel landshöfðingja og lét hann þá jafnan og einkum í fyrstu allmikið á sér bera, sló miklu um sig og ógnaði mönnum með því, að sér væri allir vegir færir til að taka þá fasta, svo framarlega sem þeir eigi sýndu tilhlýðilega hlýðni og undirgefni, en brátt lét hann þau mál niður falla, ef honum var mótstaða sýnd eða hann væri mýktur í skapi með brennivíns-tári eða skildingum.

Einhverju sinni kom Eyjólfur að Raudkollsstödum, en þar bjó þá Þórdur Þórdarson dannebrogsmadur og kona hans, er var módursystir Eyjólfs. Kom hann þangad göngumódur mjög og var mikid nidri fyrir, enda sennilega hýr af víni. Hann hitti húsbóndurna og segir: „Í dag eigid þid von á tignum gestum: Landshöfdingjanum og póstmeistaranum eru bádir saman á leid hingad og ætla ad verda hérna í nótt. Eg flýtti mér eins og ég gat til ad gera ykkur advart um þetta ádur en þeir komu hingad ad ykkur óvörum."

Þórdi á Raudkollsstödum og konu hans brá svo vid þessa fregn, ad þau sendu mann upp í fjall, til ad ná þar lambi og slátra því. Pottur var settur á hlódir til ad sjóda slátrid, rúm voru uppbúin hid besta og allt sem best undirbúid komu gestanna, en þeir komu hvorki þennan dag né þad ár allt til enda.

Eyjólfur sjálfur hafdi þad upp úr þessu, ad hann fékk nýtt slátur og góda gistingu ad þessu sinni sem oftar.

---

Ödru sinni kom Eyjólfur á bæ nokkurn í Dölum og kom ad máli vid bóndann þar um þad, hvort eigi mundi neitt ráð til þess ad hafa peninga út úr ríkismanninum Gudbrandi Sturlaugssyni.

Bóndinn taldi lítil líkindi til ad þetta tækist.

Eyjólfur hugsadi nú ráð sitt og lagdi leid sína til Gudbrands. Og er þangad kom, sagdi Eyjólfur vid Gudbrand:

„Veistu þad, Gudbrandur minn, hvada manni þú ert líkur?"

„Ó-nei", segir Gudbrandur, „ég er líklega eins og flestir menn adrir, en þó engum líkur."

„Ja, þú þarft nú ekki ad skammast þín fyrir þad, hverjum þú ert líkur.

þú ert bara alveg eins og hann Kristján sálugi, kónguring okkar, og ef þú ekki trúir því, skal eg sýna þér það. Komdu með dal!"
Guðbrandur tekur upp ríkisdal úr buddu sinni og fær hann Eyjólfi, sem veltir honum fyrir þeim báðum og segir:
„Sko, Guðbrandur minn! Líttu á ennið, alveg eins og á Kristjáni, sko nefið, alveg eins á báðum, kinnarnar, varirnar og hvað segirðu um skeggið, yfirskeggið, barkann og höfuðið; nú það er alveg eins og þetta sé sama myndin af ykkur báðum. Hér á landi er enginn, ekki nokkur maður, sem er svona alveg eins og kóngurinn okkar!" (Leggur peninginn á borðið)
Guðbrandur tekur peninginn sér í hönd, réttir hann að Eyjólfi og segir, í hálfnauðungi:
„Og eigðu skildinginn, Eyjólfur minn!"

---

Sumarið 1893 var eg kaupamaður hjá Jóni gamla Jónssyni á Vestari-Loftsstöðum. Bar þá svo við að Eyjólfur kom þangað á sunnudegi, velkenndur. Áður en hann kom heim á hlaðið, sáu þeir er úti voru, að nú óði honum mikið niðri fyrir, því hann sló um sig með prikinu, barði því niður í túnið, stóð ýmist kyrr eða stökk þöl og spöl, uns hann var kominn heim á hlað. Segir hann þá hötuðum róm:
„Er hreppstjórinn heima? Hvar er hreppstjórinn, Jón Jónsson?"
„ Jón gamli varð fyrir svörum og sagði: Hvað viltu honum, Eyjólfur minn?"
„Eg heiti ekki einungis Eyjólfur, heldur Eyjólfur Magnússen!" sagði Eyjólfur enn byrstari en áður."
„ Já, við vitum að þú ert stundum kallaður eitthvað meira en Eyjólfur", sagði Jón gamli, all kýmilega.

„Nú, hvað? – Viltu skensa mig? Eg er sendur frá Sigurði Ólafssyni í Kaldaðarnesi til að taka þig fastan!"

„Jæja, þú gerir ekki annað á meðan; en fyrir hvað?"

„Fyrir helgidagsbrot!"

„Er það helgidagsbrot að tala við þig, Eyjólfur minn?" sagði Jón gamli.

„Skilurðu það ekki, Jón hreppstjóri, að það er helgidagsbrot að vera í heyi á sunnudegi og reiða það heim? Þú ert fangi, Jón, samkvæmt umboði því, er ég hefi frá sýslumanninum í Kaldaðarnesi og skipun amtmanns í Suðuramti Íslands og úrskurði landshöfðingjans yfir Íslandi, Júlíusar Havsteen í Reykjavík?"

„Jæja, viltu þá ekki byrja á verkinu, Eyjólfur minn?"

„Eg verð þá að koma inn," sagði Eyjólfur og var nú farið að draga úr honum, „til þess að innfæra gjörninginn í dómsmálabókina."

„Já, við skulum setja okkur inn," sagði Jón og gekk inn í bæ.

Þegar Eyjólfur var kominn inn, fleygði hann sér upp í rúm og lagði smápoka þann af sér, sem hann var með, á gólfið við rúm það er hann lagðist í, en Jón gamli settist á rúm það er á móti honum var. Báðir þögðu góða stund og sá Eyjólfur, að Jón gamli hafði ekki augun af pokanum, enda mun honum ekki hafa þótt pokinn hreinn eða mikilsverður né hæfur svo tignum manni.

Eyjólfur spyr: „Á hvað ertu að horfa, maður?"

Eftir all langa þögn segir Jón gamli:

„Þetta er ekkert fallegur poki!"

Rýkur Eyjólfur þá upp, þrífur pokann og sendist út úr bænum. Varð svo ekki meira af handtökunni, enda var fólk það er Eyjólfur sá við heyskapinn alls ekki frá Loftsstöðum, heldur frá Tungu og Hólum.

J.P.

Einhverntíma var það, að Eyjólfur sótti um styrk til þingsins og talaði um þetta við landshöfðingjann, Magnús Stephensen, sem taldi ýms tormerki á því, að styrkurinn fengist og var þó Magnús Stephensen vinveittur Eyjólfi, sem taldi geta ráðið þessu. Að samtalinu loknu kvað Eyjólfur:

„Ekki skelfir Eyjólfs-hann,
Íslands valda-Tyrkinn;
fer úr höftum fjandinn hans
fái' ég ekki styrkinn."

Öðru sinni varð Eyjólfi sundurorða við prest nokkurn og kvað:

Skammartugan skítaprests
skelli' ég lagahrömmunum,
ellegar ég að önum sezt
með óbótanandi skömmunum.

Friðrik Guðmundsson bókbindari, bróðir Ebenezar og Guðmundar bóksala, var glettinn karl og skáldmæltur vel. Hann sá einhverju sinni að Eyjólfur lét poka sinn undir kirkjuveggina, áður en hann gengi heim í „Hús" (Þ: hús Thorgrimsens og Nielsens er ávalt var nefnt „Húsið"). Eyjólfi hefir víst þótt offinn til þess að hafa pokann heim með sér.
Friðrik stakk bréfseðli ofan í pokann, svo Eyjólfur fyndi hann er hann kæmi út, og var þessi skammavísa í seðlinum:

Átti þetta Eyjólfur? Enginn talinn hollur;
lyginn, montinn, lúsugur, ljósatolla-tollur."

En vísan vitanlega gráskufull mjög og ómakleg með öllu, því Eyjólfur átti engin þessara illyrða skilið og mun honum hafa orðið gramt í geði við vísnaskop.

2/3-37 Jón Pálsson

## Ætt Eyjólfs Magnússonar Kennara

er að ýmsu leyti stórmerkileg, sem sjá má af því:
1. að hann var í 20. lið, og það í beinan karllegg, kominn frá Snorra lögsögumanni Húnbogasyni, sem uppi var 1170, en frá honum var Loftur hinn ríki Guttormsson (d. 1432) 7. maður í beinan karllegg frá Snorra Húnbogasyni, en ætt Lofts Guttormssonar er rakin þannig:

1. Loftur Guttormsson hinn ríki, dáinn 1432.
2. Ormur Loftsson.
3. Loftur Ormsson; kona hans var: Steinunn Jónsdóttir.
4. Pétur Loftsson.
5. Árni Pétursson í Stóra-Dal, Eyjafjöllum, d. 1559.
6. Magnús Árnason s. st.
7. Þorsteinn Magnússon Þykkvabæjarklaustri, d. 1656. Hann var klausturhaldari og sýslumaður í Skaftafellssýslu.
8. Einar Þorsteinsson sýslumaður á Felli í Mýrdal, d. 1691.
9. Sigurður Einarsson lögréttumaður í Skaftárþingi.

~~10. Jón Sigurðsson sýslumaður í Skaftafellssýslu, d. 1770.~~

10. Vigfús Sigurðsson í Hjörsey.
11. Guðmundur Vigfússon oeconomus í Hjarðarholti.
12. Gísli Guðmundsson prestur á Staðarhrauni, d. 1836.
13. Magnús Gíslason stúdent, d. 1867.
14. Eyjólfur Magnússon Kennari.

Afabræður Eyjólfs Magnússonar voru þeir:

Bræður séra [illegible] Guðmundssonar að Staðarhrauni:
Vigfús Guðmundsson hreppstj. í Hvammeyri og séra Páll Guðmundsson að Borg, †d. 1846;
Sonur Vigfúsar var: en Sonur séra Páls var:
séra Guðmundur V. Melsteð, d. 1871. Guðm. Pálsson sýslum. d. 1886.
Afkomendur Sigurðar Einarssonar lögréttum. (sjá 9. lið hér að framan) voru:
(10.) Jón Sigurðsson sýslum. í Skaftaf. sýslu, d. 1770. Sonur hans:
(11.) Jón Jónsson í Höfðabrekku. Sonur hans:
(12.) Jón Jónsson í Elliðavatni d. 1859.

Af þessu sést að Eyjólfur hefir verið all-kynstór, forfeður hans, margir, embættismenn (m.a. sýslumenn, lögsagnarar, prestar o.s.frv.), en hitt er þó merkilegra, sem ég tel

2. að ættin hefir haldist um 7½ öld í beinan karllegg og mun það sjaldgæft vera, enda talið, að þó muni nokkuð vera í þá afkomendur [illegible], sem þannig geta talið ætt sína, og það til eigi ómerkari manna en hér eru taldir. —

Það var því eigi að undra, þótt Eyjólfur Magnússon „findi til sín“ stundum, einkum þá, er hann var við vín og mintist þessa, sem hann gjörði oft við þau tækifæri, enda duldist það engum, sem heyrði hann og sá, að ~~hann~~ ætti til einhverra þeirra manna kyn sitt að rekja — þótt honum sjálfum hefði e.t.v. eigi verið það full-ljóst —, sem meiri voru að gáfum og atgjörvi en alment gerist.

En það var auk þessa sú göfugmenska í fari Eyjólfs, sem allir fengu séð, einkum börn, og dáðust að, þrátt fyrir það, þótt stundum „slægi út í fyrir honum“ og hann gæti eigi notið sín til fulls sökum vín-hneigðar sinnar. Það, sem ég skrifa um hann, á ekki og má ekki leggja honum til lasts, heldur [illegible], en fyrir honum og hinum

illu áhrifum Baldvinar hefir margur gódur madurinn fallid í ónáð almennings-álitsins og aldrei fengid notid sín.

Ad ég hefi minnst á Eyjólf hér med fáum ordum er ekki gert til þess ad gera minna úr honum en hann átti skilid, heldur til þess ad sýna, ad hér var um einkennilegan mann ad ræda, sem almennt var álitinn skringilegur madur (original) og þad var hann undir áhrifum víns, hvorttveggja í senn hlægilegur og ótta-legur stundum, einkum fyrir unglinga, en alveg græskulaus og gódviljadur, en jafnframt smá-brögdóttur og stríðinn náungi, ef því var ad skifta, sem þó sýndi þad, ad hér var enginn aula-bárdur í ferdinni, heldur gáfadur madur og gódur, þótt gæfan væri eigi honum ad því skapi fylgisöm.

Hugur hans og hæfileikar hefdu áreidanlega stadid til einhvers annars og meira en þess, ad hann yrdi ad athlægi, hálfgerdur umrenningur, „ruglaður í ríminu" og raunamæddur vesalingur ad lokum, sem med lítilsvirdu þeirri, er yfir honum var haldin, valdi hneyksli.

Um Eyjólf mátti med sanni segja, ad „sitt er hvad gæfa og gjörvuleiki", og þótt hann sjálfur hefdi vitanlega átt nokkra sök í því ad svo fór fyrir honum, eins og svo mörgum ödrum, þá á <u>þjódfélagid adalsökina</u> á því, og hún er ekki létt á metunum.

Persónulega hefi ég þad af Eyjólfi Magnússyni ad segja, ad einu sinni kom hann ad vetrarlagi ad Sydra-Seli – hann kom þangad oft, því hann vissi ad fadir minn var hrepps-stjóri og því þurfti hann ad fyrirskipa um ýmis þau störf hans(!) – gaf hann mér for-skrift, svo fallega. Ég óskadi þess þá, „ad <u>svona</u> vel" gæti ég einhvern tíma skrifad; var tilsögn hans þá bædi leidbeinandi mjög og ljúfmannleg. Hann kendi mér því fyrstur manna þad, sem fáir þó segja mikid um, sem þó eru ad fást vid ad

kenna krökkunum að skrifa — hvernig þeir eigi að láta pennann snúa
svo að drættirnir í skriftinni verði eðlilegastir og fallegastir, en
ekki allir eins og skrifað sé með nagla eða broddstafi í svell.
Því er rithönd fjölda manna beinlínis ljót, að þeim hefir aldrei
verið leiðbeint í þessu og er það þó ekki vandasamt.

— · —

Eyjólfur dvaldi síðustu ár æfi sinnar að Kotströnd í Ölvesi,
hjá hálfsystur sinni Rannveigu Helgadóttur, ekkju Einars sál.
Eyjólfssonar frá Vötnum, er lengi bjó að Kotströnd. Leið Eyjólfi vel
hjá systur sinni og þar andaðist hann nú fyrir nokkrum árum.
Líkræðu þá, er ég gat um hér að framan, flutti séra Ólafur Magnússon
í Arnarbæli yfir Eyjólfi látnum. Þá ræðu heyrði ég ekki og
man nú ekki hvort hún var prentuð eða ekki, en hún vakti mikið
umtal og jafnvel hneyksli, sökum þess hve harðorð hún var, en
það hygg ég þó, að harðyrði hins mæta prests hafi snúist frekar
að þjóðfélagsóðunum, drykkjuskapar-dýrkendunum og hinu
skaðlega afskiftaleysi almennings af kjörum þeim er vínnautnin
bakar mörgum efnilegum sonum þjóðarinnar, en að Eyjólfi sjálfum
Séra Ólafur Magnússon mun hafa deilt harðlega á hinn aldagamla erki-
fjanda allra þjóða — og þó eigi síst Íslendinga — Vínguðinn Bakkus og
dýrkendur hans. — Eyjólfur mun í öllu hafa notið sannmælis, en
engra lastyrða.